252
Jón

# Vorir Timar standa i Guds Hendi.

Sídasta

andleg Ræda

sál. Kennimannsins

Jóns Arngrímssonar,

Sóknarprests til Borgar þínga á Myrum.

flutt

þremur dögum fyrir hans dauda

í Borgar kirkju

á Nýárs-dag, 1798.

Leirárgordum vid Leirá, 1798.
Prentud af Bókþryckjara G. J. Schagfjord.

# T. L.

Rockrir Sóknar-menn ockar elskada náúnga og ást-vinar Prestsins sál. Jóns Arngríms-sonar, hafa bedid ockur um útskriftir af hans sidustu gvedju til sinna Safnada, nefnil. af eptirfylgjandi Rædu, hvørja hann flutti fyrir Borgar søfnudi nærstlidinn Hárs-dag, 3 døgum ádur enn daudinn nú svipti oss hon-um, á 29da aldurs ári. Ad fullnægja þeirri bón allra, mundi veita mjøg ørdugt, væri ockur í þessu skyni, ei vilyrdi gefid um prent-un nefndrar Rædu vid hentugleika, og vor-um vid ad hún prentud votta munt hvørjum greindum Lesara, umhyggju ockar sálada Vin-ar fyrir egin og tiltrúadra Safnada sálar-heillum, undir eins og vid óskum, ad hún verda matti serhvørjum, sem girnist (einkum vid svo markverd tíma-skipti) af hennar lær-dómum ad uppbyggjast, til æskilegra nota!

Melum, þann 20ta Janúarí 1798.

Arngrímur Jónsson. B. Arngrímsson.
(Prestar.)

# Bæn.

O þú óendanlega góði og miskunsami Guð! þú Herra tímans og eilífðarinnar, þú Faðir yfir allt það sem børn kallast á himni og jørðu! hvað óðfluga líða ei vorir hérvistardagar á jørðunni! já, eins og vatnsstraumur líða þeir í burtu, þángað til eilífðin tekur við, sem aldrei þrýtur! vér þínar syndugar sképnur høfum nú undir þinni náðar-ríku varatekt útendað eitt ár, sem aldrei aptur kémur, vér erum nú um eitt markverdt fótmál framfluttir að þeim miklu tímans og eilífðarinnar alda-mótum, sem upp þaðan áqvarða munu vor allra óumbreytanlegu kjør O! hvørsu auðmjukir, bljúgir, lotníngar-fullir megum vér nú ecki framkoma fyrir þig, þegar vér athugum þá merkilegu dagferð lífs vors, sem vér endudum í gjær? hvað óteljandi ófor-

ſkuldadar velgjørdir hefir þú ecki audſynt oſs árid ſem leid! vér vidurkennum þad, eiliſi Miſkunari! ad þú allt hingad til hefir reynſt hvørjum einum af oſs, ſem nærgjærinn, gódur fadir, er locka hefir viljad oſs til ad elſka þig og þócknaſt þér; þínar dyrmætu velgjørdir, ſem eru allteins óteljandi, eins og þær eru óforſkuldadar, hafa verid nýjar og ferſkar yfir oſs á hvørjum dags morgni árid ſem útrann í gjær, rétt eins og vér med gudhræddſtu og ſifeldum framførum í því enu góda, hefdum allt þetta af þér verdſkuldad; já, ecki einúngis hefir þú, þolinmódi, gódi Fadir! þyrmt oſs vid forþéntu ſyndaſtraffi, ſtridi og hallæri og næmum ſjúkdómum, heldur þar á móti géfid oſs hinn æſkilegaſta frid, líkamans heilbrygdi, og allt þad ſem vér høfum þurft vid til líkamans vidurhalds; þín trúa fødur-hønd hefir allt hingad til haldid yfir oſs ſinni náqvæmu varatekt og fordad oſs frá þecktum og ópecktum háſkaſemdum

til

til lands og vatns, svo vér við hvørt fótmál vors lífs høfum hvørr í sínu stað, mátt preifa á þinni guddómlegu fødur-forsjón, sem vakað hefir yfir oss á øllum vorum vegum og stigum, og hagað því svo dásamlega, að eins það stríða eins og hið blíða, hefir að vorri egin raun orðið oss fyrir bestu, og hvørr fær komið tølu á þína velgjørninga við oss framkomna í líkamlegann máta? svo mørg augna-blik sem eru í þeim 365 døgum ársins sem leið, svo mørg, já, þúsundsinnum fleiri ástar-merki hefir þú andsýnt oss óverdugum, sem svo þráfaldlega høfum verið þínum bodum óhlýdnir, og ofaná allt þetta hefir þú synt oss þann ómetanlegasta velgjørning, sem yfirgengur allt annað: þitt heilaga lífsins ord hefir þú géfið oss til advørunar við løstunum og til upphvatningar til dygdanna, í því hefir þú frambodið oss øllum alla þá gædsku og náð, er þú hefir frá eilífd fyrihugað oss í þínum elskulega Syni, hvørn þú sendir af

himnum ofan til ad útvega oss, alls góds óverdugum, eilífa himnaríkis gledi med þér sjálfum; eckert, alls eckert hefir þú sparad vid oss, gódi Gud! sem kynni ad leida oss tilfinningarlausa til yfirbótar; en — æ! hvørsu illa høfum vér endurgoldid þessa þína nád! svo opt høfum vér daufheyrst vid þins heilaga ords nádar-raustu, svo opt høfum vér verid óánægdir med þad hlutskipti, er þú þó af gædsku þinni úthlutadir oss árid sem leid, já, møglad opt og tídum óþacklátir, þegar ei hefir allt gengid eptir vorum syndsamlegu óskum; svo opt høfum vér vantreyst þinni fødur-hendi sem leiddi oss; svo margt høfum vér forsómad af því góda, og svo margt drygt af því vonda, ad vér nú blygdunarfullir medkénna megum, ad vér ecki brúkad høfum árid umlidna, eins og vera bar. En — þó vér séum nú alls góds af þér ómaklegir, svo er þó vort einka úrrædi, ad flyja nú allir samhuga undir þinnar forpénustu skjól, vor nýfæddi Immanuel! sem

í þinni

í þinni fædingu ert ordinn vor bróðir; láttu þó ecki þína náð vid oss óverduga enda taka! auk því nú vid alla þína gædsku, trúfesti og velgjørðir, ad fyrirgéfa oss allar aflidna árs syndirnar; þú, gódi Gud! hefir lófad, ad sýna syndaranum vægd og náð, þegar hann af hjarta snýr sér til þín; þar fyrir, í krapti þíns Sonar, vors bródurs Jesú nádarríku fyrirbónar! lát oss enn nú eitt ár standa óuppræctta í þínum aldingardi, svo vér bera mættum mikinn ávøxt; géfdu oss enn nú eitt nádar-, eitt blessunar-, eitt umvendunarár í Jesú nafni! vér felum oss nú hughraustir med lífi og sálu og øllum efnum á þitt besta forsjónar vald; ef þetta ár skyldi nú verda vort síðasta, svo verdi þinn vilji! ef þú vilt láta oss á því sorg og mótlæti, sótt og dauda í skaut falla, svo verdi þinn vilji! æ! þú bregdst þeim aldrei, er á þig vona! hingad til hefir þú, svo nádarsamlega, borid umhyggju fyrir oss, þesvegna muntú enn nú

vera oss sá sami trúfasti vinur og leidtogi igegnum lifid inni þína eilifu dird! æ! med þessari glødu von byrjum vér nú þetta nýja ár, øruggir í Jesú nafni!

---

Þegar David Konúngur, er ad prísa Guds takmarkalausu gædsku og trúfesti, þá kemst hann þannig, medal annars, ad ordi: Drottinn! þín miskunsemi gengur svo vidt, sem himininn er, og þinn sannleiki og trúfesti svo langt, sem skyin ganga. Hvorr er nú sá af oss, minir vinir! hvorja Guds þolinmædi og gædska sparad hefir allt fram á þennann dag, sem nú ecki med hrelldu hjarta og brennandi þacklæti megi undirtaka med þessum Guds manni, og segja: Drottinn! þín miskunsemi gengur svo vidt, sem himininn er, og þinn sannleiki og trúfesti svo langt, sem skyin ganga, nú þegar vér lifandi og heilbryggdir, undir Guds verndar-skjóli útendad hofum eina dags-ferd lifdaga vorra, og byrjum nú adra nýja í dag, og þad

þyí framar, sem vér med athygli renn-
um þaunkunum til þess, er vid hvern
einn af oss frankomid hefir á þessari
útenduðu dag-ferd? eda er sá nockurr
af ydur, m. v.! sem nú ecki med aud-
mjúkri lofgjord játa megi: ad undir
eins og þér, í hormum ydar, upp-
sendud ydar hjartans andvarpanir til
himnanna Guds, svo var ætíd einhvorr
nýr velgjo ningur, einhvor endurnær-
ing og harma-linun aptur til ydar nid-
urstigandi í hvorju helst sorgar-standi
hvorr einn ydar var staddur? aldrei var
hans eyra nockru sinni tilbyrgdt fyrir
hvors eins ydar qvein-stofum og hjart-
ans hrópi, ad hann ecki med einhvor-
jum hætti endurnærdi og bænheyrdi yd-
ur; kallid þér þad ecki þacklætis-verdt,
ad hann ecki einúngis hefir þyrmt ydur
vid forþéntu syndanna straffi þetta árid,
heldur jafnframt yfirausid ydur med öll-
um blessunar nægtum af loptinu, jord-
unni og sjónum, rétt eins og þér allir
verid hefdud hans hlýdin born, sem med
dygd og gudhræddu gjort hefdu sig
hæfileg til hans elsku og miskunar? og

ofaná allt þetta hefir hann gefid ydur tóm-stund til ydrunar, og til óbrygdanlegs merkis þar uppá, lætur hann þennann nýárs-dag upprenna yfir ydur. Finnst ydur þá ecki, ad þér hafid fulla ordsök til ad upphrópa med Skáldinu, segjandi: Drottinn! þín miskunsemi gengur svo vidt, sem himininn er, og þinn sannleiki og trúfesti svo lángt, sem skýin gánga. Ad eg ecki tali um þann velgjörninginn, sem yfirgengur allt það er gædska Guds hefir ofs veitt í þeim líkamlegu efnunum, ad himnanna Gud skyldi virdast ad kosta svo ómetanlega dýru verdi til vorra sálna frelsis, ad senda ofs sinn eingetinn Son, ljóma sinnar dirdar, og ímind sinnar guddóms veru, Gud sjálfann, sér ad allri tign og heidri samjafnann, láta hann íklædast voru holdi og taka uppá sig þjóns mind, verda ofs ad ollu líkann, ad syndinni undantekinni, svo hann med sinni hingad-komu kynni ad forlíka ofs vid sjálfann sig, og þessi velgjörningur er ofs nú enn í dag frambodinn og veittur, ofs, sem fyrirgjort hofdum allri

von

von um eilífa himna-ríkis gledi, oss, sem áttum einkis annars úrkosti, enn ad fortapast eilíflega, hefdi Gud ecki gefid oss þennann sinn nádar-skeink; fyrir hann er nú réttlátur Gud ordinn vor fridþægdur Fadir, nú elskar hann oss fyrir Jesú skuld, sem sín óska-born, og vill leida hvern einn rétt-trúadann sér vid hond igegnum allar lífsins þrautir og mædur, og ad lokunum af nád sinni umbuna þeirra veiku ófullkomnu þjónustu med ódtmálanlegri dird og vegsemd hjá sjálfum sér eilíflega; hvad er því ad undra þó Guds heilagu herskarar, sem fagna yfir hverju því happi, er oss syndugum audnast, med himneskum gledisaung lýsi fridi og nád og blessun yfir oss, segjandi: óttist ecki! sjáid! eg boda ydur mikinn fognud, þann er skér øllu fólki, þviad í dag er ydur Frelsarinn fæddur, sá ad er Kristur Drottinn í borginni Davids! o! fagna því þú endurleysta jerd, og upphrópa med gledi: Drottinn! þín miskunsemi gengur svo vidt, sem himininn er, og þinn sannleiki og trú-

festi svo lángt, sem skýin gánga, því Guð er maður ordinn, géfandi lífið þeim dauðu, ljósið villtum, huggun ángrádum, frið og lausn ánauðugum og herteknum, og eilífa dírð og gleði og vegsemd um aldir alda öllum Guðs börnum; og þú, dýrkeypta Jesú hjörð! gleð þig við þenna dýrmæta Nýárs skeink! offra himnanna Guði lofgjörð og þacklæti! og syng nú lof af huga og munni þínum nýfædda Endurlausnara, svo segjandi: I dag eitt blessað ꝛc.

---

## Evang. Lúc. 2, 21.

Svo höfum vér nú, m. v.! aflokið einni dagferð vorrar hérvistar, eitt merkilegt fótmál vorrar vegferðar er á enda, sem ódum nálægja oss hinni endalausu eilífð, sem vér allir erum á veginum til; og nú lætur Guðs föðurlega gædska og lánglundar-géð aptur eitt nýár upprenna yfi oss, sem máské verði mitt eða einhvörs ydar síðasta. Eg er nú viss um, m. bestu v.! að allir þér, sem nockuð þenkið fram í veginn, sem fyr-

ir

ir ydur liggur ad gánga, þér erud svo ad segja milli vonar og ótta um þad, hvad ydur mæta kann á þessu ári, hvort þad heldur verda muni sorg eda gledi, medlæti eda mótlæti, líf eda daudi; þetta er hvorki ydur né nockrum daudlegum manni unnt ad vita; eckert er þó náttúrlegra, enn ad hvorr einn ydar, sem skapadir erud til gledi og farsældar, sem finnid í sálu ydar sífelda girnd og laungun eptir því, ad ydur vegni vel, eckert er náttúrlegra (segi eg) enn ad þér allir nú af hjarta óskid ydur, ad ný-árid, er þér í dag byrjid, mætti verda ydur gledilegt og farsælt; en — þegar þér rennid augunum til þess, sem fram vid ydur og ydar medbrædur komid hefir árid, sem útrunn í gjær, sjáid þér, ad eins og tímum aldrei stendur á sama, ad eins og í náttúrunni gengur á víxl yfir oss regn og fólskin, hregg- og blíd-vidri, logn og stormar, allteins er og vorum lucku-kjorum og lífsins hag varid, hér stendur aldrei á sama; allt of umbreytingafullr er vort óstodugt mannlega líf til þess,

ad vér vænta þorum, þetta nýbyrjada ár verdi oss ollum gledilegt; á vorri umlidnu æfi sjáum vér, ad suma af oss hafa þeir sáru sorgar-þyrnar stúngid til hjartans, þegar adrir hafa á stundum gengid um blómstrum vaxinn gledinnar-veg; sifeldar tímanna umbreytingar, sumar gédfeldar, sumar ógédfeldar, hafa hingad til mætt oss aflidna árid, og hid sama liggur fyrir oss þetta í hond faraudi, en hvad á hvors hluta koma muni, þad er ollum oss hulid; allir framvodum vér í blindni, hvorr einn sína lífsins leid, án þess hann grilli nockud fram í veginn fyrir sig, þángad til hans vegur þrýtur; enga hættu sjáum vér fyrir, því sídur vér sáum hana umflúid; o! hvorsu qvida-fullir mættum vér þá ecki byrja nýja dagferd vors lífs í dag, ef þad skyldi einúngis komid vera undir voru eindæmi, hvort vér gætum klaklaust útendad hana edur ecki, og þad því framar, sem daudans adkoma er oss óvissari. O! hvorsu yfrid hugsvalandi má þá ecki þad traust og sú huggun vera oss, sem

Guds

Guds andi gefid hefir í sínu ordi: ad vér allir egum Gud á himninum ad, sem sé vor nærgætinn, gódur Fadir, sem sé eins nádugur og miskunsamur, eins og hann er almáttugur og vísdómsfullur, og ad hans gædskurika og alskygna forsjónar-auga vaki yfir oss, og ollum vorum lífs tilfellum, og stjórni þeim sínum bornum til ens besta; þessu alskygna auga, þessari trúu fodur-hond þorum vér óhult ad afhenda oss, hvad sem á dagana drífa kann, allteins og vér af umlidinna tíma reynslu hofum þreifa mátt á því, ad hans trúa handleidsla aldrei hefir brugdist þeim, sem med orugari von befalad hafa Gudi ell sín efni; þetta vitnar hinn reyndi Guds madur David, sem kennt hafdi á stridu eins og blídu, á sorg eins og gledi í lífi sínu, og því segir hann í Psálm. 31. þú ert minn Gud! mínir tímar, (þ. e. mín lífsins kjor, mitt líf og minn daudi), standa í þínni hendi; hid sama stadfestir þessa hátídis-dags heilaga Evangelium; í umskurninni var Sonur Guds, Jesús kalladur, sem er

 sama

sama nafnid og Engillinn bodadi Maríu, ad hann skyldi nefnast, ádur enn hann var getinn í módur-lífi; héraf er þá audsætt, ad laungu ádur enn vor Lausnari fæddist, har Gud umhyggju fyrir hans lífsins hag; Jesú fædingar-tími, oll hans eymda-fulln lífs-kjor, já, hans líf og daudi, allt þetta stód í hendi Guds, eckert mætti honum, sem Gud hans fadir hafdi ei ádur fastsett og fyrirhugad, og alteins er því og varid um vort líf á jordunni; allar vorar sorgar- og gledi-stundir eru taldar og áqvardadar af vorum góda Gudi eins þetta í dag byrjada ár, sem alla vora ókomnu æfi-tíd. Ydur, m. v.! hvorra tímanlegu og eilífu heill og velfarnan, eg svo hjartanlega óska ad géta med mínum kénníngum eblt og undirbúid, svo vér allir hvorr med odrum yrdum ad lokunum eilífleiga farsælir, ydur, segi eg, gét eg ecki í dag gefid hollara rád fyrir ydar sálar-rósemi og ánægju komandi árid, enn ad þér felid ydur nú med lífi og sálu og ollum efnum á Guds miskunar-vald, í hvors hendi allir yd-

ar

ar lífsins tímar standa; í því tilliti vil eg á þessu auga-bliki sýna ydur þau heilrædi, sem gjora kunna ydar traust á Gudi oruggt og óbifanleat, og það útaf þessum Davíðs ordum: mínir tímar standa í hendi Drottins. Reynid nú til, m. v.! hvort þessi heilrædi megna ecki ad gjora ydur rósama, hvad sem ydur kann ad hendum bera, hvort það heldur verdur sorg eda gledi! æ! hvad heppinn munda eg ecki álíta mig í dag, ef eg gæti gefid ydur það rád, sem alleina megnar ad setja gjorvalla ydar von og traust til Guds í lífi og dauda, og ad það sama mætti þéna ydur til advorunar vid lostunum, en upporfunar til dygdanna, svo ad hvorr ydar géti sagt vid árslns byrjun: hvort eg lifi edur dey, svo er eg þinn, minn Gud! mínir tímar standa í þinni hendi; til þessa takmarks vilda eg med rædu minni géta leidt ydur alla á nálægri stundu. En þú eilífi Gud! sem sparad hefir oss af nád þinni allt fram á þenna dag, æ! gefdu ad þessar hugleidingar mættu upporfa oss alla til ad

setja

setja vora trú og von á þig einann í sorg og í gledi í lífi og dauda! Amen

---

Minn tími stendur í þinni hendi, segir David; þér vitid, ad med því orda-tiltæki, Guds hend, sem talad er eptir mannlegum plagsid, vill Ritningin merkjast láta Guds vísdómsfullu stjórnun og náqvæmu afskipti um mannanna lífsins hag, og þá verdur meiningin í áminnstum Davids ordum engin onnur enn þessi: undir Guds vísdómsfullu, almáttugu og nádugu stjórnun standa allra manna lífdagar; og undir þessum Guds náduga vilja, stjórnun og tilhlutun er komin, ecki einúngis lífsins uppbyrjan, framgángur og endalok, heldur og sérhvad, jafnvel lítilsverdasta lífsins tilfelli, er ofs mæta kann frá voggunni til grafarinnar, og þessi svo yfrid hughreystandi sannleiki, af hvors fullvissu vér hofum hina emustu og mestu huggun, þá hvad allrahellst, þegar enginn mannlegur kraptur fær ofs lengur hjálpad, hann er bædi stadfestur í Ritning-

unni

unni med svo morgum dæmum, med svo morgum guddómlegum fyrirheitum og lofunum, og serhvorr madur, sem hefir nockurn eptirhánka um líf sitt, kann daglega af egin reynslu ad sanna þessi Davíds ord á sjálfum sér: mínir tímar standa í, hendi þinni Drottinn! já, laungu ádur enn vér mundadir vórum í módurlifi, ádur enn vér sáum ljós heims þessa, vakti forsjón Guds yfir oss og hogum vorum, og hafdi þá fyrir laungu ágvardad og fastsett oll vor lífsins kjor; heyrum hvad David segir í Psálm. 139. þín augu sáu mig, þegar eg enn ecki var skapadur, og allir mínir dagar, svo margir sem þeir vera skyldu, vóru í þína bók skrifadir, og þad ádur enn nockurr þeirra var til O! hvílíkur ómetanlegur velajorningur Guds var þad ecki, ad hann gaf þér lífid, syndugu manneskja! til þess þú sundid gætir til Guds gædsku og náda ar um tíma og eilífd! hvílík hugsvalandi fullvissa fyrir þig, ad þad var Gud, sem lét þig fædast á þessum stad, á þessum tíma, af þessum foreldrum, er

hann

hann gaf þér til hjúkrunar og endurnæríngar þínu veika lífi, þá þegar þú gatst þér sjálfri enga bjorg veitt, og ecki vissir fótum þínum forráð! hann lét þér tilfalla meira eður minna af tímanlegum munum eptir því, sem hann sá þér best henta mundi, svo að þú gætir orðið það, sem Guðs visdómsfulla forsjón hafði þig tilætlað, hann gaf þér meiri eða minni sálar krapta, skarpleika, greind, næmi, allt eptir því, sem hann sá þú viðþurfa mundir; um eckert það neitaði hann þér í fæðingunni, sem hans alvitska fyrirsá, að þénaði til þinnar sálar velferðar; og þegar vér nú, m. v.! játum það, að þetta allt sé skéð eptir Guðs náðar ríku fyrir hyggju fyrir oss og voru lífi; hvorr er þá sá af oss, sem til vits og ára kominn er, að hann nú ecki megi með huga og munni prísa og þacka Guðs gæðsku fyrir það, hann lét oss fæðast af kristnum foreldrum í kristnu landi, svo vér með aldrinum þeckt gætum þann lífsins veg, er vér gánga eigum til að géta ratað þá þraungu götu, sem liggur

ur

ur til himnaríkis. Var það ecki addáanlegt forsjónar- og miskunar-verk Guds vors, að hann innrók oss nýfædda í sinn nádar-sáttmála í skírninni, frambaud oss þar sína ómetanlegu gædsku, sem oss vesælum, og alls góds ómaklegum audsynd er í hans elskulega Syni? Þá vakti Guds forsjón svo fodurlega yfir oss, að hann þegar fyrirhugad hafdi þá næríngu, sem fæda skyldi vort veika líf, og sá vorum nýklakta líkama fyrir adhjúkrun og klædnadi, þá þegar vér hvorki vissum til hægri né vinstri handar, þá þegar vér að öllu leiti vórum komnir uppá Guds nádarríku fodur umsjón. Hvad óþreytanlega létu sig ecki í ljósi Guds nád og vara-tekt vid oss á þessum aldri! hvad trúlega efndi hann þá ecki vid oss sitt nádar loforð: að þó módirinn gleymi sínu einka barni, áverti qvidar síns, vilji hann þó aldrei gleyma oss? allir megum vér því upphrópa til þín, Drottinn! med David: til þín er oss varpad allt í frá vorra mædra lífi, eda megum vér ecki játa það, að Gud þar ómálga barn-

barnid á höndum sér, og verndadi það svo voldúglega, ad það steytti ecki fót sinn vid steini; ad hans gædska vakti svo náqvæmlega yfir brjóst-mylkingsins þorfum, ad hid munadarlausa fátæklings barn jafnvel, grét aldrei forgéfins eptir þeim svala-dryck, sem það endurnæra skyldi, og því meira sem vér vidþurftum med aldrinum, því fleiri velgjörningar Guds vóru þá strax til reidu handa oss, já, fyrirfram hafdi hann þá fyrirhugad og áqvardad, ádur enn vér þurftum þeirra vid. Ecki einúngis hefir Gud fastsett, hvar vor lífs-kjor verda skyldu í framtídinni, heldur megum vér med undrun og hjartans þacklæti játa það, hversu Guds Fodurs hulda hönd hefir ígégnum oss ópeckta vegi leidt oss til vorrar lucku, svo vér því heldur fundid gætum til hans gædsku, og það, sem er allra dásamlegast og undrunarverdast, ad hann hefir látid jafnvel vor afbrot, þegar vér af hjarta hofum ydrast þeirra, þéna til eblingar vorra heilla og fullkomnunar, og í því hefir Gud sýnt sig — vér játum það med hrærdu hjarta —

rétt

rétt fodurlegann og miskunsamann Gud; eda hvorr var hann, sem verndadi ydur vid svo morgum háskasemdum, sem þér af úngdóms gjálifi og óframsýni vórud þegar búnir ad steypa yfir ydur? hvorr var hann, sem svo undrunarlega leiddi ydur til lífsins aptur, þegar þér, ormagna af sjúkdómsins sáru tilfinningu, varla fundud hjá ydur mátt né megn ad bidja Gud um líkn og linun, og ydar vinir gátu enga hjálp ydur veitt, heldur ad eins aukid ydar mædu med tárum sínum, svo ydur týndist öll lífs-von horfin? hvorr var hann (segi eg), sem þá snámsaman reisti ydur á fætur, og gaf ydur aptur þá dýrmætu heilbrygdi, var það ecki sá Gud, í hvørs høndum ydar tímar standa? eda kallid þér, m. v.! það ecki þacklætisverdt forsjónar-verk Guds, ad vér og vort sátæka fodurland erum þetta ár verndadir undir hlífdar-skjóli vors himneska fodurs frá stridi og blóds úthellingu, frá húngri og næmum sjúkdómum, sem adrar þjódir þó svo aumkunarlega hafa lengi mátt reyna í kringum oss, svo vér hofum allt þetta

ár

ár mátt hvíla óhultir og rósamir í skauti vorra foreldra, vorra ektamaka, vorra vina og kunníngja, sem gjort hafa vort mæduſama líf oss svo þægilegt, já, ánægjufullt? hvorr er hann, sem blessad hefir svo vorn sveita og erfidi til lands og vatns, ad allir vér megum þannig prísa vorn Gud og segja: lofadur sé Drottinn, sem svo dásamlega hefir blessad mín litlu efni, ad eg hingad til hefi enga naud lidid? eda hvorr var hann, sem hefir látid mótlæti og hormúngar, er oss þetta ár kunna hafa ad hendum borid, uppvekja oss af voru léttsinni, varna oss vid lostunum, uppqveikja hjá oss audmýkt og kristilegt umburdarlyndi, já, laungun eptir því ad leysast hér frá, og vera med vorum Lausnara, sem er lángtum betra? hvorr er hann, sem lofar oss nú lífs og heilum ad byrtast hér fyrir vorum Gudi, til ad medkénna nú og þacka alla hans gædsku, nád og trúfesti, er vér hofum þreifad á gjorvallt aflidna árid? er þad ecki sá Gud, í hvors hendi ad stendur allt vort líf, sem reynst hefir oss

ollum nærgætinn og gódur fadir? en svo sem vort gjorvallt líf stendur undir stjórnum hins alvalda, svo er og vor daudadagur í Drottins hendi; það stadfestir Job, segjandi: hans mánada tala er hjá þér, þú hefir honum takmark sett, yfir hvört hann fær ecki komist. Óneitanlega mætti daudans íhugan verda oss skélfileg, ef vér ecki kynnum ad hughreysta oss vid það, ad vor daudastund er fastsett og áqvordud af honum, sem elskar oss, sem alla vora æfi bídur eptir syndarans umvendun, og kallar oss þá á burt úr heiminum, er hann sjer þénanlegast fyrir vorrar sálar velferd. Þar fyrir, m.v.! hvört heldur vér seint edur snemma á æfi vorri afsúpa skulum daudans beiska skál, hvort það skédur á sjó eda landi, í vöku eda svefni, hvort það skédur fyrir hægt andlát, edur eptir undangengnar sárar sóttir og sjúkdóma, kunnum vér í lífinu, já, jafnvel staddir í daudans stridi, ad hugga oss vid það, ad allt þetta hefir vor Gud, vor fadir og gædskuriki skapari svo fyrirsjed og áqvardad, og það

eina hefir hann áqvardad, sem hann fyrisá ad þénadi til vorrar farsældar, bædi um tíma og eilífd; því allir vegir Guds eru miskun og trúfesti, vitnar David. Styrktur vid þessa hugsvalandi fullvissu: ad Gud rádi sinni daudastundu, þenkir sá sann-kristni rólegur med sjálfum sér, þegar hans endalykt tekur ad nálægjast: nú vill minn Gud kalla mig frá armædu þessa lífs, æ! eg er því reidubúinn, verdi hans náduugur vilji á mér, minn tími stendur í hans hendi! Æ! hvort heldur mín dauda-stund verdur hæg eda stríd, er það mér til huggunar, ad Gud leggur mér aldrei þyngri byrdi á herdar enn eg gét borid; minn bródir Jesús hefir daudann mín vegna sigrad, þar fyrir mun hann verda mér bærilegur; svo lengi eg hefi rænuna skal eg befala mína sálu í hendur míns himneska fodurs og segja: Fadir! í þínar hendur fel eg minn anda! Þér sjáid þá, m. v.! ad lífsins inngángur, framgángur og endalykt stendur allt í hendi Drottins, og hvad væri nú náttúrlegra fyrir ofs, enn

ad

ad vér allir gledjum oss vid ßad, ad eiga allt vort rád og öll vor efni undir vísdómsfullri stjórnun vors góda, himneska Fodurs, sem hefir talid öll vor höfud-hár, ßó ad vér á ßessu byrjada ári eckert sjáum hvad fyrir oss liggur; já, hvorninn kynnum vér án ßeirrar fullvissu: ad vorir tímar standa í hendi Drottins, voga ad setja vorn fót unnt ßær myrku, oss huldu tídir? hvorr sá af oss, m. v.! sem hugsar nockud fram í veginn fyrir sig, finnur best, hvorsu mjog slíkt sonarlegt trúnadar-traust á Gudi gjorir hann öruggann og vongódann; o! aumkunar-verdur er sá, sem framgengur athugalaust rétt eptir munni og maga, rétt eptir sem hann er lyndur til, eptir ßánkalaus um ßad, sem honum mætir, og hefir enga von né trú til ßess: ad sínir tímar standi í hendi Drottins; o! hvor munu ßessa úrrædi verda, ßegar lífsins mæda berst honum ad hendum, nema ad mogla og pína sjálfann sig med óßolinmædi, og ßá jafnvel vrvhlnast, ßegar hinn trúadi kristni, sem medtekur öll sín lífs-kjor af hendi

sins Guds, stendur óbifanlegur í trú, von og þolinmædi; hvada mæda sem ad ber, þá sannar hann á sjálfum sér þad skáldid syngur: Hvørr helst ljúfann Gud lætur ráda, líka vonar á hann alltíd, vill þann Drottinn vernda og náda, víst þó ad á dynji neyd og strid; hvørr, sem vid Gud sér heldur tryggt, hús þess er ei á sandi byggt. Já, vorir tímar standa í hendi Drottins, fjærri sé oss þá, m. v.! ad vilja sjálfir ráda fyrir vorum lífsins hag; hvørsu gladvært og ánægt hvílir ecki barnid undir umsjón sins elskada fødurs, af því þad veit, ad hann vill því ecki nema gott; o! skyldum vér þá ecki, vér, sem alla æfi vora reynt høfum, já, mátt þreifa á því, hvørsu elskurikur fadir Gud er þeim, sem á hann vona, skyldum vér ecki trúa vorum skapara, vorum velgjørara fyrir vorri velferd, þared vér vitum hann er svo máttugur, ad himin og jørd hlýda hans bendingu; ad hann er svo vís, ad hann þeckir hvad hvørri lifandi sképnu best hentar; svo gódur, ad David segir: Líka sem fadirinn er børnunum

unum líkjsamur, svo er Drottinn miskunsamur øllum þeim, sem hann óttast. Já, svo gódur er hann oss bornum sínum, ad hann ecki gétur neitad oss um nockurn þann hlut, sem ebla má vora sonnu velferd, en — vér vitum optast ei hvørs bidja ber, blindsleikinn holds því veldur; æ! skyldi þá nockurr af oss vera svo djarfur ad kunna gódann Gud fyrir þad, þó vorar syndsamlegu hjartans oskir ei verdi uppfyllt-ar? eda tækjum vér þad vel af vísum, elskurikum fodur, ad hann veitti bornum sínum allar þær bænir, er þau eptir fávitsku sinni, æsktu sér af honum, og fadirinn þó sæi þeim skadlegar? o nei! m. v.! því skyldum vér þá voga ad setja Guds góda vísdómi takmork, edur einskorda þá vegu, um hvørja hann leida skyldi oss þetta í hond farandi ár? aldrei skulum vér því efast um Guds vísdóm og fodur-kjærleika, aldrei mistreysta hans hjálp; brúkum ad eins vora skynsemi og vora krapta til ad ebla vora sonnu velferd, en felum hughraustir útfallid af øllum vorum atburdum, Guds

rádi og vilja, því til þess getum vér, vanmegna skepnur, eckert gjort, allt er það komið undir hans allra besta vilja; hvað, sem hans visdómur álítur oss gott og haganlegt, hvað, sem hans fodur-elska úthlutar oss, sé það nægd eda skortur, sorg eda gledi, heilsa eda van-heilsa, líf eda daudi, æ! svo medtökum það med þacklæti af vors besta fodurs hendi, og verum ánægdir med það, af því það hlýtur þá ad verda oss fyrir bestu.

Vorir tímar standa í hendi Drott-ins, veri þeir því Gudi helgadir til hlýdnis hans bodorda, brúkum vort skammvinna, enn þó dýrmæta lífstunda tóm honum til þjónustu. En — o! vor Fadir og vor Gud! hversu mættum vér nú ecki ángrádir og blygdunarfull-ir íhuga, ad, þó ad vorir tímar standi í þinni hendi, þó ad þú hafir af fod-urlegu lánglundar-gédi þínu sparad oss aflidid ár, já, gefid oss allt vort líf, þó vér séum skyldugir ad offra þér því aptur til þjónustu, finnst þó enginn af oss, sem þori ad bera það fyrir vid þig, þú hjartnanna og nýrnanna ransakari, ad

hann

hann ætíd hafi lagt áſtundun á ad offra þér ſínu lífi, med þeſs verdugri brúkun, og framforum í því góda. Hvad ſýniſt ydur þá? þegar þér rennid augunum til árſíns ſem útrann í gjær, hvorjum hafid þér á því áſtundad ad þjóna? hvílíkrar uppſkéru vœntir nú hvorr einn ydar fyrir þeſs brúkun, ef tímans og eilífdarinnar Drottinn léti nú med þeſſu nýja ári líf vort enda taka? æ! hvorſu ſár ſamvitſku áklogun mœtti ecki vakna hjá hvorjum þeim, ſem nú ſkodadi afliðna árid, og ſœi ſig á því eins ſtarlœgſt hafa himinſins sælu, eins og hann nálœgſt hefir eilífdina, ſœi ſig tekid hafa framforum í enu vonda, í ſtadinn fyrir ad láta ſér fara fram í því góda, ſœi ſig nú lángtum óhœfilegri til eilífs lífs, enn hann var vid byrjun afliðna árſins? hvad gagnar oſs, þó vér vítalauſt hofum afkomiſt fyrir mönnum, þó vér ecki ſéum opinberir ad glœpum vid hvorja login leggja ſvo þúngt ſtraff, ef vér nú finnum oſs óumvendta í hjarta og ſinni, kjœrleiks-lauſa til vorra medbrœdra, haturs-fulla vid þá, ſem gjœra

á hluta vorn, ómiskunsama vid hinn naudstadda, hafandi heimuglegann vidbjód og leida á því góda, en elsku og gódþeckni á því vonda? hvad sýnist ydur, ef heilagur og alvitur Gud þeckti nockurn af oss þannig sinnadann eptir svo morg ár, sem hann af nád sinni sparad hefir hans líf, mun þá þvílíkur líta betur út í auguin Drottins enn hinn, sem yfirstiginn vard af einhverri hrasun, en leitadi þó Drottins á medan hann var ad finna? en hitt segi eg fortakslaust, ad ef hinn ástundunarsami, gudhræddi, sann-kristni, senr medhaldslaust skodar sitt framferdi á umlidnu ári, ef honum finnst ad hann hafi fulla orsok vid þess endir, ad sár-qvarta fyrir sínum Gudi um sinn veikleika, sína forsómun í því góda, sínar morgu breyskleikans syndir, hvorsu sem hann képptist eptir helguninni, hvorsu sem hann leitadist vid ad hafa Gud æ fyrir augum sér, og hann nú med ángri sjer eptir á, ad sér hefdi enn meira gétad framfarid í því góda, ad hann ecki hefdi brúkad oll þau tækifæri, sem honum gjor-

valla

valla árid frambuduſt til ad gjora gott, ad hann enn þá betur hefdi getad varid tid sinni, ødrum til nota og uppbyggingar, og enn þá betri tilgáng haft í því hann gjørdi; ef ad nú (segi eg) þessi sann-kristinn finnur í þvílíkum mannlegum veikleika hrigdar-efni nóg vid árs endirinn, o! hvílík hjarta-sorg mætti þá ecki uppfylla þeirra sálir, sem sjá, ad þeir aldrei hafa af alvoru leitaſt vid ad fordaſt hid vonda, heldur lifad eptir þánkalauſt, rétt eptir því, sem inngróinn syndavani baud þeim! o! skyldum vér þá enn ecki láta oss af hjarta ángra, nú þá vér sjáum oss svo dásamlega leidda af gædsku Guds inní þetta nýja ár, lockada af Guds fødurlegri vidhøndlun, hans nád, og óteljandi óforskuldudum velgjørdum, sem hvorr og einn þeckja mætti vid sig framkomnar þetta afliðna blessada ár, skyldi þad (segi eg) ecki ángra oss, ad vér ei høfum brúkad tímann svo verduglega, sem vera bar, honum til þjónuſtu, sem gaf oss ómaklegum þvílíkt blessunar- og nádar-ár, já, gaf oss þad til undirbúnings undir eilífdina?

o: já! m. bestu v.! medkenni nú hvorr einn ydar sínar syndir med sannri ydr-un, og bidjum undir eins Gud um nád í Jesú nafni, og heitstrengjum nú, (vorrar sálar velferd ridur á því), heitstrengi nú hvorr einn sínum trúfasta góda Gudi þann-inn: minir tímar standa í þinni hendi, minn gódi Gud! æ! þar fyrir vil eg bruka mína úngdóms-daga til ad taka mer fram í þinni þeckingu, nú vil eg keppast eptir ad læra ad þeckja þig, ad elska þig, ad hlýdnast þér, því eg er ordinn þín og Jesú Kristi eign í minni skírn; mína fullordins-daga vil eg bruka til ad ástunda hid góda, til ad ebla þína dýrd, minn Gud! og minna medbrædra lucku og velferd, jafnt minni egin; mína elli-daga vil eg bruka til þess, audmjúk-ur ad þacka þér alla lífsins medteknu velgjörninga, til ad minnast á þína trúu fodur handleidslu á mér gegnum marg-faldt lífsins andstreymi, og til þess al-varlega ad búa mig undir þá fyrir hond-um verandi eilífd; mína vinnu-daga vil eg bruka til ad vera trúr í minni stétt og kollun, í hvorja þú hefir sett mig,

minn

minn Gud! mína gledi-daga vil eg brúka til ad færa mér í nyt þínar gáfur mér og ödrum til góds; þacklátur og audmjúkur vil eg álíta þær, mér gefnar af nád; mína sorgar- og mædu-daga vil eg brúka til ad æfa mig í trú, von og sönnu þolgædi, fela öll mín efni þér á vald, og gledja mig vid þá sælu von, ad ad mínar hrigdar stundir skulu þó eitt sinn snúast í fognud, þegar eg fæ ad komast til þín í þitt himneska ríki, þar sem er gnótt fagnadarins og gledilegt líf til Drottins hægri handar. Æ! gæfi það nú gódur Gud! ad vér allir hefdum þvílíkann áfetning, og brúkudum þannig sérhvert augnablik lífsins frá voggunni þar til daudinn kallar ofs í burtu hédan, þá mundi ecki einúngis þetta byrjada ár, heldur allar vorar æfistundir verda ofs gledilegar og farsælar í Jesú nafni.

Vorir tímar standa í hendi Drottins, þar fyrir er ofs hulid, hversu lengi lífid vara muni, eins og hitt, hvenær eda hvorninn þess enda-dægur adkémur, því hvorr hefir þeckt sinni Drott-

íns, eda hvørr hefir nockurntíma hans rádgjafi verid; þetta eitt er víst, ad því meir, sem einum áfram bar, eptir því minna leidar var; þetta er víst, ad þegar lífid þrýtur, tekur eilífdin vid, sem engann enda hefir; þetta er víst, ad þegar hérveru-tíminn er útrunninn, er oss framar engri undirbúnings tíd heitid, heldur skal þá hvørr og einn uppskéra þad, sem hans gjørdir vóru verdar, og nær skyldi oss nú þvílík lífsins og tímans alvarlega umþenking í hug koma, ef ecki nú vid endir eins áfánga vorrar vegferdar og vid byrjun annars. Fjærri sé oss sú ósk; ad vilja fyrirfram vita, hvenær eda hvørnig vor daudi skal adbera! vér hljótum þó einusinni ad deyja, þad vitum vér, og eptir þad kémur dómurinn; vor lífs-endir stendur í hendi vors Guds, og ódaudlegar þackir séu honum fyrir þad, eins og allt annad, ad vor dauda-dagur er oss hulinn; búum því þannig forsjállega í haginn fyrir oss, ad hvørt ver lifum eda deyjum séum vér Drottins. Hitt er oss víst, ad því rósamar gétum vér

lifad,

lifad, og því hughraustari dáid, sem vér heldur vitum ad vor óvissa dauda-stund stendur í hendi Drottins; en þér, kristnir menn! hugsid aldrei til yd-ar dauda med ángist og ofmiklum qvida! eda — hvad skyldum vér skélfast fullir ángs-istar fyrir daudanum, þegar vér ad eins vitum: ad vér bædi lifs og lidnir er-um i Drottins hendi! hvad skyldum vér skélfast fyrir daudans ómildri adkomu, máské vér þolum stærri harmqvæli i lif-inu, enn vér tokum út í daudanum, og hvernig sem því verdur varid, er það víst, ad vor gódi Gud þeckir best vorn vanmátt, og mun hann þá allra síst leggja ofs undir þyngri harmqvæli, enn vér fáum afborid; vort sanna trúnad-ar-traust á Guds nádar-ríku hjálp, skal yfirvinna hjá ofs kristnum monnum alla daudans ógnun; og hvad þurfum vér ad qvida voru dauda-dægri, ef vor sam-vitska gefur ofs þá hugfró, ad vér hef-um haft vilja og vidleitni á ad hafa ofs æ Gud fyrir augum! það er ofs nóg, það fær gefid ofs hugdirfd ad ganga óskélfdir á móti vorum dauda, því þá

vitum vér, ad vér lifandi og deyjandi erum Guds born, þá vitum vér, ad daudinn er oss, sem vinur, er flytur oss úr þessu mædufulla lifi inní óendanlega himnaríkis sælu og fognud, því Kristur er þá vort líf, og daudinn vor ávinningur. En þú, sem framgengur athugalaust í lifinu rétt eins og þú ættir hér eilíflega vid ad vera, og þenkir ad enn þá sé nógur tími til ad bera umhyggju fyrir sálu þinni, sem skal þó eilíf gjold hafa þinna athafna hér, þenkir ad enn nú sé tími til ad búast vid eilífdinni, þenkir ad enn sé þíns daudadags lángt ad bída; æ! hafi Gud sparad þig óhegndann midt í þínum syndum allt hingad til, finnirdu ad Guds gædska og lánglundar-géd hafi gjort betur vid þig enn þú þykist ega skilid (og því skyldir þú ecki finna þad?), endurgjald þó ecki lengur Guds þolinmædi vid þig med framhaldi í syndum og glæpum, eckert augnablik lífsins er í þínu valdi, nema þetta, og skyldir þú enn þá vanbrúka þad, þá er þér máské glotunin óumflýjanleg, þá, þegar engin endurlausn er framar

fyrir

fyrir þig, enginn nádugur Gud og engin sæla; æ! því vegna þinnar ódaudlegu sálar, sem ecki er skapud til ad lifa í þvílíku andvaraleysi; vegna elsku þeirrar, er þú ber til sjálfs þíns; vegna fodursins, sem er á himnum, sem fyrir Sonarins fyrirbón og forþénustu enn nú umlídur þig lífs á þessum degi; vegna Jesú Kristí, sem vera vill þinn bródir og vinur, ef þú nú betrar þig af hjarta; vegna þeirrar pínu og dauda, er hann leid þín vegna; vegna tímans, sem svo ódum burtu hverfur og aldrei apturkémur, hvort sem hann er brúkadur vel edur illa; vegna eilífdarinnar, sem þú ódum nálægist; vegna alls þessa grátbæni eg þig, ad lifa nú ecki þetta byrjada nýja ár í syndarinnar prældómi, heldur ásettu þér nú, fyrir Guds hjálp, ad afleggja hid vonda, en taka framforum í því góda, og þad strax í dag, á medan nádar-dyrnar standa enn þá opnar fyrir þér, fortspúdum syni, sem med sannri ydrun og lífernisins betrun loksins vilt snúa heim aptur til fodur-húsanna, og þá vitna eg þad samhljóda míns Guds

hei-

heilaga ordi, ad þetta þitt betrunar-ár verdur þér nádar- og blessunar ár, þá færdu ógvidinn mætt þínum dauda, hvort sem hans verdur lángt edur skammt ad bída, og þá gétur þú med sonarlegu trúnadar-trausti sagt: minn tími stendur í hendi Drottins, sem er nú, fyrir Jesú skuld, minn friðhægdur fadir. Já, þenkjum, þenkjum þá alvarlega m. v.! vid þessi tíma-skipti: ad vér allir hljótum ad deyja, svo vér forsjálir verdum; brúkum því vareygdarsamlega og gudlega til gódra verka nærverandi tímann, en felum Gudi á hendur hinn ókomna, og það er sannur vísdómur fyrir sérhvern þann, sem æskir sér ad lifa rósamlega, og deyr ad lokunum sáluhjálplega. Æ! sé það því vor allra sanna alvara og ástundan ad lifa kristilega, svo mun og vor gódi fadir, sem annast hefir oss frá módur-kuiánum, og svo annast oss alla á vorri dauda-stundu; o! hvorsu sælir erum vér þá ecki! já, þér skulud sjálfir reyna það á þessu í hond farandi ári, m. v.! ad ef þér einúngis brúkid hvern lífsins dag vel og vandlega

lega, svo ad hann verdi ydur ávinningur fyrir eilífdina, ef þér einúngis ásetjid ydur ad þjóna Drottni, af því ydar timar standa í hans hendi, skal ydur aldrei vanta yndæla sálar rósemi og samvitzku frid, í hvorsu hormulegt ástand sem þér komast kunnid, ef þér med ydar tilverknadi erud þess ei sjálfir ollandi, af því ad ydar traust á Guds margreyndu gædsku stendur þá óbifanlegt.

Ver erum þá, m. dyrkeyptu v.! svo morg ár, sem hvorr af oss lifad hefir, leiddir af dásamlegri forsjón Guds igegnum lífid allt hingad til, sifeldar timanna umbreytíngar, sumar sorglegar, sumar gledilegar hofum vér, hvorr fyrir sig, alla æfi vora mátt reyna; medlæti og mótlæti, sorg og gledi hafa á vixl yfir flesta af oss gengid, og allt hid sama liggur nú fyrir oss á þessu ári; svo hefir það gengid hingad til, ad sumir hafa mátt kénna á fátækt og orbyrgd, þegar audlegd og velgengni hefir umkringt adra; nockrir hafa med sárri hjarta-sorg andvarpad undir heilsubresti, ástvina-missir, neyd og fyrirlitníngu, þegar

ar hinir brædur þeirra vóru hraustir og heilbrygdir; nutu gledi og yndi í vina sambúd og odluduſt allt þad þeir vidþurftu handa sér og sínum; þetta eru óumbreytanleg kjor mannlegs lífs í heiminum, og þad er víst, ad árid sem vér byrjum verdur fullt af þvílíkum luckunnar biltingum; en hvad í hvors hlut kaſt falla muni, þad er Gudi einum kunnugt, þad er oss daudlegum huldt, sem betur fer; vér sjáum ecki lífs-veginn, sem vér vidstodulauſt fetum áfram, nema rétt ofan fyrir fæturnar; vér daudlegir ráfum alltaf í blindni, þángad til lífsins vegur er á enda, og vitum eckert fyrifram, þángad til roddin qvedur vid af himnum: hingad daudlegir og ecki lengra! og hvernig er oss þá fært í stodulitlum, ad leggja útá þennann myrka veg? enga hættu sjáum vér fyrir, því sidur vér fáum henni afstýrt; þannig stód á hegnui vorum í fyrra, og þó hefir Guds gædska látid árid, sem leid, verda oss blessad og happasælt, og hvorjum egum vér þad ad þacka, meinid þér? hvorjum nema vorum góda Gudi, sem reyn-

reyni't ollum þeim sannkalladur fadir, sem óttast hann og elska, og varpa rósamir útfallinu af ollum sínum athofnum uppá hann, ánægdir med þad, sem hann vill vera láta; æ! verum því ecki hugsjúkir um þad, sem oss mæta kann, verdi ætíd hvad vill minn Gud, vilji hans er jafnan hid besta, vis er þeim ollum vernd og stod, vid hann, sem sína trú festa ꝛc. óskum oss einkis framar enn þess, sem hans gædska og nærgætna fodur-géd, hefir ályktad, ad vid oss skuli framkoma þetta ætíd; skorum oss aldrei undan ad medtaka eins þacklátlega þad strída eins og hid blída, sem hann falla lætur í vort skaut; þóknist honum ad gledja vort hjarta med velgengni þessa lífs, prísum þá hans gædsku fyrir þad; en þóknist honum ad hryggja oss med einhverri lífsins mædu, moglum samt ecki, heldur kyssum þacklátir á hans hyrtingar-vönd, því, hann veit hvad hagar, hvørjum sem hann agar; en um fram allt leggjum allt kapp á, aldrei ad misbrúka hans gáfur, aldrei fyrir vísvitandi illsku

vora

vora ad leida yfir oss hans óblídu; óskum oss aldrei fyrr edur seinna ad deyja, enn honum einum þóknast, heldur gefum þad allt í Guds vald, því vér vitum ad vorir tímar, vorir gledi- og sorgar-dagar, vort líf og daudi, allt þetta stendur í Drottins hendi. Eg gét þá ecki, m. v.! valid annad heilsusamara rád til ad fá med gledi, med óruggum hugarmód framhaldid voru lífdaga skeidi ígegnum þær byrjudu, oss myrku tídir, enn þau, sem eg hefi nú sýnt ydur, af laungun eptir ad bædi eg og þér mættum verda ánægdir og farsælir hér í lífi, og eiliflega fullsælir annars heims; því sé Gud vor Gud, hlýtur jafnvel óluckan sjálf undir hans stjórnun ad verda oss ad gódu; sé Gud med oss, hvorr kann þá ad vera á móti oss? hvernig skyldi hann, sem af nád sinni hefir gefid út fyrir oss sinn eingétinn Son, ecki og svo gefa oss alla góda hluti med honum? sé almáttugur og vísdómsfullur og gædskurikur Gud vor leidtogi, hvad gétur þá skadad oss, hvort heldur þad er skortur eda nid-

niðurlægíng, sorg eður hætta, heilsubrestur eða annað lífsins mótlæti? nei! Þá hlýtur jafnvel sjálfur dauðinn að vera oss farsæll, æskilegur, sáluhjálplegur! já, hvað fær oss skilið frá elsku vors Guðs, hørmúng eða ángist eða neyð eða lífsháski? allt þetta fáum vér farsællega yfirbugað, þegar vér að eins réttilega treystum á Guð, sem oss elskar, og með þessu sæla trausti verður oss vor dauða-dagur æskilegur sigurdagur, því vér vitum að vor dauðatíð er í Drottins hendi gledileg lausn og friún frá øllu illu, þá fáum vér að komast til vors besta Fødurs á himnum, sem svo dásamlega hefir leidt oss égégnum lífsins armæðu eptir sínu ráði, inní vort æskilega fødurland á himnum; þángað, þángað er ydur, m. daudlegu vinir! vegurinn vísadur í Jesú lífsins orði, þar fyrir er oll ydar heill í tíma og eilífð undir því komin, að þér brúkið það ydur fyrir leidarvísir þángað; því er ydur tíminn svo dýrmætur, og svo vandfarið með hann; á þessu nýbirjada ári vil eg því bidja minn góða

Gud

Gud, sem hefir svo mildilega hjálpad mér frá módur-knjánum, ad gefa mér dug og sífelda laungun til ad géta med Jesú ordi áminnt og lockad ydur til ad feta lífsins veg, sem aldrei skédur fyrir sída-sakir, heldur af sannri hjartans alvoru, svo ad embættid verdi ecki vanvirdt; en ydar er thad thá ad gégna Guds ords advorunum, en aldrei slá theim í vind, med thví ad thenkja, ad ætíd sé nógur tími til ad sjá fyrir ydar sálar heillum; látid mig thó aldrei, fyrir nockurs ydar visvitandi framhald í syndinni, erfida med andvarpan medal ydar, thví thad er ydur ecki gott! verkid thá, thví tíminn er stuttur, verkid ydar sálar velferd med ugga og ótta; portid er thrautgt, sem thér egid ad gánga til lífsins, og margar hættur og torfærur eru á veginum; æ! gæfi thad minn Fadir og minn Gud! ad vér allir, sem erum med Jesú blódi endurkeyptir mættum finnast med fognudi í hans dýrdar-ríki á himnum! já, til thín, thú eilífi miskunsemdanna Fadir! innflýr mín sála ásamt thessum elskada sofnudi á thessum nýj-

nýárs-degi med vorar audmjúkar hjarta-ans andvarpanir: lát þetta ár verda oss ollum sannarlegs ápturhvarfs- og far-sældar- og blessunar-ár í Jesú nafni! framhaldtú þinni gædsku, trúfesti og þol-inmædi vid oss; þó vér séum alls þessa af þér ómaklegir, gjor það samt fyrir þinnar miskunar sakir, fyrir þíns einka Sonar Jesú skuld, sem enn nú leggur oss líknar-mál í himninum! þirm oss, gódi Fadir! hans vegna fyrir forþéntu synda straffi; vardveittú þetta vort fá-tæka fodurland frá ollum verdskulduduni plágum; vertú forsvar enna munadar-lausu; heyrdu mildilega audvarp enna naudstoddu, og lít þínu miskunar-auga til hinna sjúku! uppfyll alla vora naud-þurft eptir þínum dýrdar ríkdómi í Kristó Jesú! en eins, minn gódi Gud! bidjum vér þig allir samhuga í Jesú nafni: láttú aldrei þitt ord af þessum stad ávaxtarlaust kénnast þetta ár, held-ur gef ad vér fyrir þess verduglega brúk-un verda mættum allir eilíflega sálu-hólpnir! og ad lyktum afhendi eg nú mig, og allann minn elskada sofnud í

þín-

þínar miskunar hendur, minn besti Fadir! allir vorir timar standa í þinni hendi, þruggt set eg allt mitt traust á þig, sem aldrei hefir brugdist mér; æ! leid mig eptir þínu visdóms rádi, og alla þá saudi, er þú hefir fengid mér til gætslu; lát engann þeirra tapast fyrir mitt eda sitt hirduleysi! æ! eg er þess fullviss ad þú bænheyrir mig! og hvort mér audnast lífs ad útenda þetta ár edur ecki, óbifanlegt skal þó mitt traust á þér vera bædi í lífi og dauda. Amen.